



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

LITLI TÓNSPROTINN

# Pétur og úlfurinn

LAUGARDAGUR 08.09.12



# PÉTUR OG ÚLFURINN

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 8. ÁGÚST KL. 14:00

**Guðmundur Óli Gunnarsson** hljómsveitarstjóri

**Bernd Ogrodnik** brúðugerðarmeistari

**Halldóra Geirharðsdóttir** sögumaður

**Trúðurinn Barbara** kynnir

**Leikfangasextett**

*Leopold Mozart*

*Allegro úr Leikfangasinfóníunni*

*Sergei Prokofiev*

*Pétur og úlfurinn*

Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikunum stendur. Tónleikarnir eru u.þ.b. 45 mínútna langir og án hlés.

## LEIKFANGASINFÓNÍAN

Fyrsti þáttur *Leikfangasinfóníunnar* er fluttur með aðstoð Maxa og ungra einleikara sem leika á dótatrompet, trommu, þríhorn, næturgala- og gauksflautu og hrossabrest. Fyrsti þáttur sinfóníunnar heitir *Allegro* sem þýðir líflega á ítölsku. Það má því búast við mikilli leikgleði þegar Maxi og félagar slást í för með Sinfóníunni. Ekki er með öllu ljóst hver samdi *Leikfangasinfóníuna* en hún hefur verið eignuð þremur tónskáldum: Leopold Mozart, Joseph Haydn og Edmund Angerer.

## PÉTUR OG ÚLFURINN

*Pétur og úlfurinn* er saga sem hljóðfæri segja þar sem hver sögupersóna er túlkuð af hljóðfæri eða hljóðfærum sinfóníuhljómsveitarinnar. Fuglinn er túlkaður af flautunni, öndin af óbóinu, kötturinn af klarinettinu, afinn af fagottinu, úlfurinn af þremur hornum, veiðimennirnir af pákunum og tréblásurunum og Pétur af öllum strengjahljóðfærum hljómsveitarinnar. Þótt Pétri og úlfinum hafi verið fálega tekið þegar verkið var frumflutt 2. maí 1936 í Moskvu þá má með sanni segja að verkið hafi öðlast alþjóðlegar vinsældir, ekki aðeins meðal barna, enda er verkið snilldarvel samið og býr yfir eilífum æskublóma.

Bernd Ogrodnik og brúðurnar hans gera söguna um Pétur og úlfinn ljóslifandi og eftirminnilega í barnvænni og fallelgri uppfærslu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Halldóru Geirharðsdóttur undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Bernd er einn fremsti brúðugerðarmeistari heims og hefur sýning hans á Pétri og úlfinum farið sigurför víða um lönd enda töfrum líkust.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

## LEIKFANGASEXTETT

**Agnes Björk Rúnarsdóttir** (gauksflauta) er í 6. bekk í Öldutúnsskóla í Hafnarfirði. Hún hóf Suzuki-fiðlunám fjögurra ára gömul en hefur síðustu ár lært á horn og leikið með Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Agnes Björk er einnig afar söngelsk og finnst Adele vera æðisleg söngkona. Hún stefnir á að verða flugmaður þegar hún er orðin stór.

**Erla Sverrisdóttir** (næturgalaflauta) er í 6. bekk í Melaskóla. Hún er að hefja sitt þriðja ár í píanónámi hjá DoReMi og leikur á slagverk með Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar. Erla hefur stundað ballettnám frá fjögurra ára aldri og dansaði í Maxímús bjargar ballettinum. Í frístundum sínum semur Erla jöfnum höndum lög, texta og dansa.

**Garðar Thor Steinsen** (tromma) er í 9. bekk í Hagaskóla. Hann hefur lært á píanó við Suzukitónlistarskólann í 6 ár og á rafbassa hjá DoReMi í 2 ár. Í fyrra bætti hann við trommuleik í hálfu námi. Garðar hefur áhuga á fjallahjólreiðum, er með bíladellu og finnst gaman að ferðast.

**Jakob van Oosterhout** (trompet) er í 10. bekk Hagaskóla. Hann er að læra á trompet hjá Kára Húnfjörð í Tónlistarskóla Seltjarnarness. Jakob hefur mikinn áhuga á leiklist og hefur komið víða fram bæði í leikhúsi, sjónvarpi og í kvikmyndum. Önnur áhugmál Jakobs eru íþróttir m.a. badminton, hjólreiðar og að ganga á fjöll með fjölskyldu og vinum.

**Lilja Hákonardóttir** (Maxi/hrossabrestur) er í 4. bekk í Laugarnesskóla. Hún hefur æft ballett frá þriggja ára aldri, fyrst í Ballettskóla Sigríðar Ármann og nú í Listdansskóla Íslands. Lilja er einnig að læra á þverflautu í Tónmenntaskóla Reykjavíkur. Þegar Lilja er ekki að dansa eða spila á flautuna finnst henni skemmtilegast að föndra og leika við vinkonur sínar.

**Tómas van Oosterhout** (þríhorn) er í 7. bekk í Vesturbæjarskóla. Hann hefur lært á píanó hjá Snorra S. Birgissyni og slagverk hjá Frank Aarnink og er núna að leika af fingrum fram hjá Vilberg Viggóssyni. Áhugamál Tómasar eru mörg: Lego, teikna myndir og myndasögur, frjálsar íþróttir, hitta vini sína og frændfólk í Hollandi og tala hollensku.

## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Sinfóníuhljómsveit Íslands er stærsta hljómsveit á Íslandi. Sinfóníuhljómsveitin er hljómsveit allra landsmanna sem heldur reglulega tónleika í Hörpu. Hljómsveitin fer stundum í tónleikaferðir út á land og til útlanda. Í Sinfóníuhljómsveitinni eru hljóðfæraleikarar sem eiga langt hljóðfæranám að baki enda eru þeir allir meistarar hver á sínu sviði.

Heimsæktu vef Sinfóníuhljómsveitarinnar

**[www.sinfonia.is/fraedslustarf](http://www.sinfonia.is/fraedslustarf)** og lestu meira um

hljóðfæraleikarana, stjórnandann Guðmund Óla og Barböru.



### BARBARA SPYR:

„Þekkir þú öll hljóðfærin?

Tengdu sögupersónurnar og hljóðfærin.“



Myndir í tónleikaskrá eru úr námsefninu Gaman saman með Pétri og úlfinum eftir Lindu Margréti Sigfúsdóttur og úr bókinni Pétur og úlfurinn sem gefin var út hjá Máli og menningu. Hljóðfærin eru teiknuð af Kristínu Maríu Ingimarsdóttur. Barböru teiknaði Þórarinn Már Baldursson.